

samþykkt fyrir Garðahrepp í Gullbringusýslu, er hreppsnefnd Garðahrepps hefur samþykkt. 17
29. febr.

Þetta birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 29. febrúar 1960.

Bjarni Benediktsson.

Gústav A. Jónasson.

AUGLÝSING

18

um vinnumiðlun í Skeggjastaðahreppi í Norður-Múlasýslu. 1. marz

Samkvæmt heimild í 1. gr. laga nr. 52 9. apríl 1956 um vinnumiðlun, hefur félagsmálaráðherra ákveðið að vinnumiðlun skuli starfrækt í Skeggjastaðahreppi í Norður-Múlasýslu.

Um framkvæmd vinnumiðlunarinnar fer eftir lögum nr. 52/1956 um vinnumiðlun og reglugerð um vinnumiðlun nr. 130/1956.

Félagsmálaráðuneytið, 1. marz 1960.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

AUGLÝSING

19

um að lög nr. 29 7. apríl. um atvinnuleysistryggingar, skuli taka til Skeggjastaðahrepps í Norður-Múlasýslu. 1. marz

Samkvæmt heimild í 1. mgr. 4. gr. laga nr. 29/1956 um atvinnuleysistryggingar hefur félagsmálaráðuneytið ákveðið að lög um atvinnuleysistryggingar skuli taka til Skeggjastaðahrepps í Norður-Múlasýslu.

Félagsmálaráðuneytið, 1. marz 1960.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.